Sóley Lind Pálsdóttir 17. Júlí 2011




# Frakkland 2011

## Skákmótið í Saint Lo 7-14 júlí.

Mótið var sterkt. Elstu krakkarnir voru fæddir 1993 og teflt var í mörgum flokkum frá U10 ára og upp í U18. Stigahæsti skákmaðurinn var með um 2400 fide stig. Umhugsunartími var einn klukkutími og 30 mínútur á 40 leiki og svo bættist við hálftími til að klára. Auk þess bættust við 30 sekúndur á leik.



Í undirbúningi fyrir mótið þá var ég í skákkennslu hjá Daví ð Kjartanssyni með stelpuhóp úr Kópavogi og Garðabæ sem haldið var í Kópavogi. Einnig fór ég í sumarbúðir í Svíþjóð þar sem ég var í kennslu hjá Vladimir Poley alþjóðlegum skákmeistara.



En þá aftur að mótinu sjálfu. Ég tefldi níu skákir og byrjaði vel með því að vinna 2 fyrstu skákirnar, en síðan fór heldur að halla á og ég fékk bara 2 jafntefli í viðbót í mótinu og var um að kenna að ég tefldi full passívt skv.

Þeim sem fóru yfir skákirnar mínar.

En þá að mótinu sjálfu.

Andstæðingur og úrslit.

| Nafn | Stig | Flokkur | Land | Vinningur |
|---|---|---|---|---|
| DALARUN Adelie | 1390 | Min | FRA | 1 |
| GLOTIN Adrien | 1490 | Pup | FRA | 1 |
| CHAMERET Jean | 1705 | Min | FRA | 0 |
| AZOUNI Anais | 1431 | Pup | FRA | 0 |
| ERIKSSON Carl | 1380 | Ben | SWE | 0 |
| VERHAEGEN Valentine | 1420 | Ben | FRA | ½ |
| LEFEBVRE Alexandre | 1450 | Pou | FRA | ½ |
| PAILLARD Eliott | 1508 | Ben | FRA | 0 |
| AUBRUN Cecilia | 1443 | Min | FRA | 0 |

Samtals urðu þetta því 3 vinningar í 9 skákum og performance um 1330 sem er hærra en stigin mín en á móti tefldi ég 4 fide stigaskákir og tapaði öllum.



Aðstæður á mótsstað voru góðar, og gistiaðstaðan einnig sæmileg eins og sjá má á myndinni.

Eftir allar skákirnar fór ég og fékk að yfirfara skákirnar með alþjóðlegum meisturum sem voru annað hvort Vladimir Poley eða einhver annar alþjóðlegur meistari.





Allir krakkarnir sem tefldu í unglingamótinu fóru heim með verðlaun.

Einnig fóru á mótið Páll Sigurðsson, pabbi minn sem tefldi í opnum fullorðinsflokki og frændi minn Baldur Teodor sem gekk mjög vel og endaði í 2 sæti í sínum flokki 10 ára og yngri . Þeir enduðu báðir með 5 vinninga af 9 mögulegum.

Til hliðar við mótið voru allskyns viðburðir.



Td. Tók ég þátt í liðakeppni í hraðskák þar sem hvert lið mátti ekki hafa meira en samtals 9900 skákstig. (6 í liði) og tefldum við Baldur í sameiginlegu liði íslendinga og Svía og lentum í 3. Sæti. Okkar lið var skipað þeim Patrick Lyrberg, Vladimir Poley, Adam Eriksson, Carl Eriksson, Teodor og mín.

Einnig kepptum við í svokölluðum fun games þar sem við þurftum að keppa í allskyns þrautum.

Auk þess þegar skák var lokið fór ég amk. 3. sinnum með frænku minni á ströndina, sem var um 40 km norðar.

Nokkrar myndir úr ferðinni.



Ég í útsýnisferð um St Lo



Yfirlitsmynd af ströndinni í Grenville.



Ströndin í Grenville



Það voru peð notuð sem götuvitar í Grenville



Mynd frá Verðlaunaafhendingu. Teodór valdi sér útitafl



Sóley og Teodor á útimarkaði að skoða lifandi krabba.



Ströndin í Grenville



Patrick Lyrberg sem endaði í 2 sæti í IM flokki fer yfir skák sína fyrr um daginn. Sænska og Íslenska liðið fylgist með.



Það voru ekki peð í St Lo heldur Riddarar sem voru notaðir til að skilja að götur og gangstéttir.




Að móti loknu og áður en heim var farið þá var komið við í EuroDisney í París.

Tenglar mótstöflur og úrslit.

http://echecsaglo.fr/festival2011e.htm

http://echecsaglo.fr/2011festivalblog/

http://echecsaglo.fr/2011festival/papi/2011stlojeunesGa.htm

http://4springare.se/news/45-13th-intyouth-open-tournament-frankrike

Að lokum koma hér 2 skákir úr mótinu. Þær eru einnig að finna í meðfylgjandi pgn skrá.

### (2) Palsdottir,Soley (1194) – Adelie,Dalarun (1450) [C41]

St Lo (1), 07.07.2011
*[Sigurðsson,Páll]*
**1.e4 e5 2.♘f3 d6 3.♗c4 g6 4.h3 ♗g7 5.c3 ♘f6 6.d3 ♕e7 7.0-0 0-0 8.♗g5 ♗e6 9.♘bd2 ♕d7 10.♗xe6 ♕xe6 11.♕b3 ♕c8 12.♖ac1 b6 13.d4 ♘h5** líklega betra að koma hinum köllunum út **14.♕d5 c6?? 15.♕xd6 ♕d7?**



tapar öðru peði [15...♖e8 var skárra] **16.dxe5 ♕xd6 17.exd6 f6 18.♗h4 ♘d7 19.♖fe1 ♘e5 20.♘xe5 fxe5 21.♘f3 ♗f6 22.♗xf6 ♖xf6 23.♖cd1 ♖d8 24.d7 ♖e6 25.♖e2 ♖e7 26.♖ed2 ♘f6 27.♖e2?** Virkur Hrókur er alltaf betri td hægt að leika Hd6 eða Kf1 strax [27.♖d6 ♖exd7 28.♖xd7 ♖xd7 29.♖xd7 ♘xd7 30.♔f1 ♔f7 31.♔e2 h6 32.♔e3 ♔f6 33.b3] **27...♖dxd7 28.♖xd7 ♘xd7 29.♘d2 ♘c5 30.f3 ♘d3 31.♘b3 ♖d7 32.♖d2 c5?**



Nú nær hvítur fram uppskiptum á riddurum amk. **33.♘c1 c4 34.♘xd3 ♖xd3?** tapar strax. betra hefði verið að reyna að halda hróknum inná, peðið fellur hvort eð er **35.♖xd3 cxd3 36.♔f2 d2 37.♔e2 d1♕+ 38.♔xd1 ♔g7 39.♔c2 ♔h6 40.♔b3 ♔h5 41.g3 g5 42.♔c4 ♔g6 43.♔d5 ♔f6 44.a4 a5 45.c4** Náttúrulega akunnið, en c4 var ekki nauðsynlegur. Betra var td. g4 eða Kd6 og e5 peðið fellur fljótt. b4 hefði einnig unnið strax vegna frípeðs á a eða c **45...h6 46.♔c6 ♔e6 47.♔xb6 ♔d6 48.c5+ ♔d7 49.♔b7 ♔e6 50.c6 ♔d6 51.c7 ♔c5 52.c8♕+ ♔b4**




**53.♕c6?** Enn gjörunnið, en betra hefði verið auðvitað að máta í 2 [53.♕c3+ ♔xa4 54.♕c4#] **53...♔b3 54.♕b5+ ♔c2 55.♕xa5 ♔xb2 56.♕b4+ ♔c2 57.♕a3 h5 58.♕e3 g4 59.hxg4 hxg4 60.fxg4 ♔b2 61.♔c6 ♔c2 62.♔c5 ♔b1 63.♕d2 ♔a1 64.♔c4 ♔b1 65.♔c3 ♔a1 66.♕b2# 1-0**

## (3) Glotin,Adrien (1490) − Palsdottir,Soley Lind (1194) [D45]

St Lo, France (2), 08.07.2011

*[Sigurðsson,Páll]*

**1.d4 d5 2.c4 c6 3.♘c3 e6 4.♘f3 ♘f6 5.e3 ♗b4 6.♗d2 0-0 7.a3 ♗e7 8.♗d3 c5 9.dxc5 dxc4 10.♗xc4**

**♗xc5 11.b4 ♗b6 12.♕c2 a6 13.♖d1 ♘c6 14.♗d3 h6 15.♗c1 ♕c7 16.h3 ♗d7 17.♖g1?**



[17.♗b2 er mun eðlilegri leikursem setur pressu á svörtu kóngsstöðuna. Hvítur hafði liklega örlítið betri stöðu fram til Hg1.] **17...♖ac8 18.♗d2 ♘e7 19.e4 ♗c6 20.g3 ♖fd8** [20...♘f5 21.♗f4 ♕e7 22.♗c4 ♗d5 23.exd5 ♖xc4 24.d6 ♕d8 25.♕b2 ♖xc3 26.♕xc3 ♗xf2+ hefði verið skemmtilegt framhald] **21.♗f4 ♕d7 22.♔e2 ♗c7?** [22...♗b5 23.♗xb5 ♕xb5+ 24.♔e1 ♖xd1+ 25.♔xd1 ♕c4 26.♗d2 ♗xf2 27.♖h1 er mun betra framhald 23. ... Hxc3 gengur líka.] **23.e5 ♗xf3+** [23...♘fd5] **24.♔xf3 ♕c6+ 25.♔e2 ♘fd5 26.♘xd5 ♕xc2+ 27.♗xc2 ♘xd5 28.♗e4??**



Tapar skiptamun [28.♖c1 g5 29.♗d2 ♗xe5 og vinnur peð; 28.♖xd5 exd5 29.♗f5 ♖a8 30.♖c1 ♗b8 Hefði líklega verið aðeins skárra] **28...♘c3+ 29.♔f3 ♖xd1 30.♖xd1 ♘xd1 31.♗xb7 ♖b8 32.♗xa6 ♖a8 33.b5 ♘c3 34.♗e3 ♗xe5 35.♗c5 ♘d5 36.♔e4 ♗c7 37.♔d4 f6 38.f4 ♔f7 39.f5 ♗xg3 40.b6 ♗f2+ 41.♔c4 ♗xc5 42.fxe6+ ♔xe6 43.♗b7 ♘xb6+ 44.♔xc5 ♖xa3 45.♔xb6 ♖b3+ 46.♔c6 ♖xb7 47.♔xb7 f5 48.♔c6 ♔e5 49.♔c5 ♔e4 50.♔c4 ♔e3 51.♔c3 f4 0-1**